

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Nautgripæræktin:

Nýtt kynbótamat í maí 2013

Nú í maí var keyrt nýtt kynbótamat í nautgripæræktinni og í kjölfarið ákvað fagræð í nautgripærækt að setja fyrstu nautin úr árgangi 2007 í dreifingu að lokinni afkvæmaprófun. Þetta eru naut sem eru komin með tilskilinn fjölda dætra með afurðaupplýsingar og útlitsmat til þess að dómurinn sé nægilega áreiðanlegur. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum nautum:

Sandur 07014 frá Skeiðháholti á Skeiðum, f. Glanni 98026, mf. Sproti 95036. Dætur Sands eru ágætlega afurðasamar varðandi mjólkurmagn og próteinhlutfall en fituhlutfall er undir meðallagi. Kýrnar eru fremur útlögumiklar með fremur grannar og þaklaga malir en ágæta fótstöðu. Yfirlína er einnig fremur sterk. Júgurgerð dætra Sands er mjög góð, mikil festa og júgrin vel borin en júgurband ekki áberandi. Spengar eru langir og grannir en ágætlega settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og skap um meðallag. Rúmur helmingur afkvæma Sands er tvílitur þar sem huppóttur og skjöldóttur litir eru algengastir. Af einlitum ber mest á rauðbröndóttum. Heildareinkunn: 109.

Rjómi 07017 frá Heggstöðum í Andakíl, f. Þollur 99008, mf. Kaðall 94017. Afurðasemi dætra Rjóma er mjög mikil hvað varðar afurðamagn en hlutfall verðefna í mjólk er undir meðallagi. Þær eru fremur bollitlar en með sterka yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar. Fótstaða er sterkleg. Júgur eru vel löguð og vel borin, festa ekki mikil en júgurband mjög sterkt. Spengerð er góð en þeir eru fremur grannir. Þessar kýr eru góðar í mjóltum en skapmiklar. Þrátt fyrir það eru þær metnar hátt í gæðaröð. Rúmlega helmingur afkvæma Rjóma er einlitur og eru rauður og rauðbröndóttur algengustu litir. Skjöldóttur er algengastur tvílitur. Heildareinkunn: 110.

Dúllari 07024 frá Ytri-Villingadal í Eyjafirði, f. Þollur 99008, mf. Kaðall 94017. Dætur Dúllara eru afurðasamar hvað varðar mjólkurmagn en hlutfall verðefna í mjólk er undir meðallagi. Kýrnar eru fremur bollitlar en yfirlína fremur sterk. Malir eru fremur grannar og flatar, nokkuð þaklaga. Fótstaða er góð. Júgurgerð er góð, júgrin vel borin og júgurband áberandi sterkt. Spengar eru vel gerðir, hæfilega langir og þykkir og ágætlega settir. Mjaltir eru mjög góðar en kýrnar eru skapmiklar. Þær skora þó mjög hátt í gæðaröð. Rúmlega fjórðungur afkvæma Dúllara er einlitur þar sem rauður og rauðbröndóttur eru algengustu litir. Af tvílitum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Heildareinkunn: 108.

Húni 07041 frá Syðra-Hóli í Skagabyggð, f. Laski 00010, mf. Soldán 95010. Afurðasemi dætra Húna er góð, sérstaklega er hlutfall próteins í mjólk hátt. Þær eru fremur bollitlar yfirlínan er veik. Malir eru meðalbreiðar, ágætlega gerðar og aðeins þaklaga. Fótstaða er sterkleg. Júgurgerðin er afbragðsgóð þau eru vel löguð og vel borin með mikla festu og sterkt júgurband. Spengerð er góð, aðeins þykkir en mjög vel settir. Dætur Húna eru góðar í mjóltum og skap þeirra er mjög gott. Tæplega þriðjungur afkvæma Húna er einlitur og eru rauður og rauðbröndóttur algengustu litir. Skjöldóttur er algengastur tvílitur. Heildareinkunn: 111.

Toppur 07046 frá Kotlaugum í Hrunamannahreppi, f. Hersir 97033, mf. Punktur 94032. Dætur Toppa eru afurðasamar hvað varðar bæði mjólkurmagn og hlutfall verðefna í mjólk. Kýrnar eru júgurhraustar, bollitlar en með sterka yfirlínu.

Kynbótamat reyndra nauta í notkun sumarið 2013

Nafn og nr.	Mjolk	Fitu%	Protein%	Afurðir	Frjósemi	Frumtala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spengar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynbótaeinkunn
Gyllir 03007	117	98	100	116	75	105	112	101	117	108	137	108	99	111
Hryggur 05008	103	124	115	111	86	102	95	89	111	115	88	125	111	108
Baugur 05026	138	84	81	125	87	118	122	89	106	102	99	111	111	114
Vindill 05028	124	112	102	122	90	104	96	96	113	122	114	117	102	115
Frami 05034	123	109	107	124	102	102	121	102	105	124	116	87	114	115
Koli 06003	102	123	128	114	93	121	110	108	121	143	103	118	118	116
Baldi 06010	105	122	117	112	105	113	104	104	132	108	112	104	117	113
Logi 06019	117	85	115	122	89	105	108	100	104	101	97	109	105	111
Kambur 06022	110	115	108	113	96	115	115	99	127	100	122	119	117	113
Dynjandi 06024	111	139	118	118	107	103	101	97	113	112	111	97	113	112
Hjarði 06029	112	108	104	112	89	146	115	103	125	133	92	107	113	114
Viðkunnur 06034	109	114	87	103	82	127	104	113	142	114	100	105	113	108
Sandur 07014	107	93	107	109	102	113	96	104	119	98	128	94	103	109
Rjómi 07017	123	93	94	119	93	108	120	96	115	118	118	64	103	110
Dúllari 07024	118	80	94	113	110	93	117	93	114	110	121	73	106	108
Húni 07041	108	103	111	112	102	103	113	100	131	112	114	115	98	111
Toppur 07046	108	117	112	113	110	118	95	86	104	108	93	120	98	110
Lögur 07047	103	117	100	103	109	107	120	104	134	135	120	126	102	112

Malir eru fremur grannar og flatar, nokkuð þaklaga. Fótstaða er örflítið nán. Júgurgerð er í góðu meðallagi, júgrin ágætlega borin en festa og júgurband um meðallag. Spengar eru vel gerðir, fremur stuttir en örflítið gleitt settir. Mjaltir þessara kúa eru í tæpu meðallagi en skap þeirra er mjög gott. Tæplega fjórðungur afkvæma Toppa er einlitur þar sem rauður er algengasti litur. Af tvílitum ber eðlilega mest á hífóttum og leistöttum. Heildareinkunn: 110.

Lögur 07047 frá Egilsstöðum á Völlum, f. Laski 00010, mf. Völsungur 94006. Afurðasemi dætra Lagar er í góðu meðallagi, bæði hvað varðar magn og verðefni. Þær eru fremur stórar kýr með aðeins veika yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, ágætlega gerðar og aðeins þaklaga. Fótstaða er sterkleg. Þessar kýr eru með frábæra júgurgerð, þau eru vel löguð, mjög vel borin með mikla festu og sterkt júgurband. Spengerð er úrvalsgóð, fremur stuttir og grannir spengar og mjög vel settir. Dætur Lagar eru mjög góðar í mjóltum og skapið er sérlega gott. Rúmlega helmingur afkvæma Lagar er einlitur og eru rauður og bröndóttur litir algengastir, þó einnig sé nokkuð um kolóttu. Huppóttur er algengastur tvílitur. Heildareinkunn: 112.

Samhliða þessu ákvað fagræð að fækka reyndum nautum í dreifingu. Þau naut sem áður voru komin til notkunar sem reynd naut og verða áfram í almennri dreifingu eru eftirtalin:

Gyllir 03007 frá Dalbæ í Hrunamannahreppi, f. Seifur 95001, mf. Soldán 95010. Gyllir verður áfram í dreifingu enda bætir hann sína stöðu umtalsvert. Hann hækkar í mati fyrir afurðir sem og fyrir júgur- og



Lögur 07047 frá Egilsstöðum á Völlum.



Dúllari 07024 frá Ytri-Villingadal í Eyjafirði.



Toppur 07046 frá Kotlaugum í Hrunamannahreppi.

spengerð. Þá hækkar mat hans fyrir mjaltir gríðarmikið og þar stendur hann nú efstur allra nauta. Það er líka aðalsmerki dætra hans hve góðar þær eru í mjóltum auk þess sem þetta eru miklar mjólkurkýr með góða júgur-

Guðmundur Jóhannesson
Ábyrgðarmaður
í nautgripærækt
hjá Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins



Gunnfríður Elin Hreiðarsdóttir
Fagstjóri í búffarrækt
hjá Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins



Frami 05034 frá Skúfsstöðum í Hjaltadal, f. Stígur 97010, mf. Kaðall 94017, hefur styrkt sína stöðu, einkum hvað afurðabáttinn varðar, og stendur hann nú jafnfætis Vindli 05028 og Birtingi 05043 í heildareinkunn. Aðalsmerki Frama eru miklar afurðir, há efnahlutföll, góð spengerð og mjaltir. Júgurgerð er um meðallag og skap dætra hans er heldur undir meðallagi. Rétt er að taka fram að Frami hefur gefið herra hlutfall dauðfæddra kálfa en önnur naut. Heildareinkunn: 115.

Baldi 06010 frá Baldursheimi í Hörgársveit, f. Stígur 97010, mf. Daði 87003, breytist óverulega í mati. Dætur hans eru ágætlega afurðasamar og þá sérstaklega hvað verðefni varðar. Baldadætur hafa gríðarsterka júgurgerð, vel borin með mikla júgurfestu enda sækir Baldi það í báðar ættir. Stígur gaf góða júgurgerð og móðir Balda var með geysilega fallegt og vel borin júgur sem þrátt fyrir mikla endingu var alla tíð eins og á 1. kálfs kvígu. Baldi gefur kýr sem eru með góða spengerð, aðeins langir en vel settir, og þær eru góðar í mjóltum. Heildareinkunn: 113.

Logi 06019 frá Kristnesi í Eyjafirði, f. Fontur 98027, mf. Fróði 96028, styrkir sína stöðu verulega með nýju mati. Hann hækkar verulega fyrir afurðir og þá bæði magn og prótein%. Hann er því góður valkostur til hækunar á próteini í mjólk en þess utan eru dætur hans um meðallag fyrir flesta þætti þó nefna verði að aðeins ber á mismjóltum hjá þeim. Heildareinkunn: 111.

Kambur 06022 frá Skollagróf í Hrunamannahreppi, f. Fontur 98027, mf. Völsungur 94006 lækkar heldur í mati en getur þó ekki talist annað en gríðarsterkt naut. Dætur hans eru afurðakýr, bæði hvað varðar magn og verðefni. Þá eru þær júgurhraustar með úrvalsgóða júgurgerð og afbragðsgóðar mjaltir og skap. Spengerðin er um meðallag og þær eru fremur grannir. Heildareinkunn: 113.

Dynjandi 06024 frá Leirulækjarseli í Borgarbyggð, f. Stígur 97010, mf. Kaðall 94017 hækkar í mati og styrkir sína stöðu vel. Dætur Dynjanda eru mjólkurlagnar með geysihá verðefni í mjólk. Þessar kýr eru með góða júgur- og spengerð og mjaltir eru góðar. Dynjandi er naut sem án efa á skilið meiri notkun en hingað til. Hann hefur hins vegar verið í samkeppni við Birting, Vindil og Frama þar sem hann samfedra og móðurfæðir þeirra allra er Kaðall. Heildareinkunn: 112.

Hjarði 06029 frá Hjarðarfelli á Snæfellsnesi, f. Fontur 98027, mf. Punktur 94032 heldur sínu sterka mati. Hjarðadætur eru miklar mjólkurkýr og hlutfall verðefna er gott. Þeirra aðalsmerki er þó júgurhrestin þar sem segja má að þær standi feti framar öðrum dætrahópum nauta sem í dreifingu eru. Hjarði gefur gríðargóða júgur- og spengerð og skap kúnna er gott. Mjaltir eru þó í slöku meðallagi. Þetta er eigi að síður naut sem á skilið meiri notkun en hingað til. Heildareinkunn: 114.

Viðkunnur 06034 frá Víðiholti í Reykjahverfi, f. Prasi 98052, mf. Stígur 97010 lækkar nokkuð í mati og þá fyrst og fremst hvað afurðir snertir. Dætur hans eru eigi að síður góðar mjólkurkýr, fitu% er há en prótein% er undir meðallagi. Þær eru júgurhraustar og júgurgerðin er gríðarlega góð, sterkleg og mjög vel borin júgur með mikla festu. Spengar eru vel gerðir og vel settir. Hann bætir mat sitt fyrir mjaltir og stendur þar í meðaltali þrátt fyrir að faðir hans, Prasi 98052, hafi gefið mjaltir undir meðallagi. Heildareinkunn: 108.

Hryggur 05008 frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi, f. Teinn 97001, mf. Þokki 97776 (Ólasonur 88002 og hálfbróðir Fríks 94026), verður áfram í dreifingu. Kynbótamat hans breytist mjög lítið og hann er áfram fyrst og fremst valkostur varðandi efnahlutföll í mjólk. Hann gefur kýr með sterka júgurgerð og úrvalsgott skap en mjaltir eru undir meðallagi. Heildareinkunn: 108.

Baugur 05026 frá Kotlaugum í Hrunamannahreppi, f. Stígur 97010, mf. Punktur 94032, er áfram til dreifingar en mat hans tekur óverulegum breytingum. Hann gefur gríðarlega mjólkurlagnar kýr með mikla júgurhresti. Þetta eru fínbyggðar kýr með júgur- og spengerð í meðallagi. Þær eru skapgóðar og mjaltir um meðallag. Heildareinkunn: 114.

Naut sem falla úr almennri dreifingu

Ákveðið var að dreifingu yrði hætt úr eftirtöldum nautum:

Hegri 03014 – fullnotaður, farið að draga mjög úr notkun.

Tópas 03027 – fullnotaður, farið að draga mjög úr notkun.

Salómon 04009 – fullnotaður, lækkaði heldur í mati.

Stássi 04024 – fullnotaður, styrkti þó mat sitt í 114 í heildareinkunn.

Ári 04043 – fullnotaður, farið að draga mjög úr notkun.

Stöðull 05001 – fullnotaður, lítið notaður undanfarna mánuði.

Vindill 05028 – sæði nánast búið, afgangnum verður dreift á næstu vikum.

Birtingur 05043 – sæðisbirgðir á þrotum.

Röskur 05039 – próteinhlutfall í mjólk dætra of lágt.

Koli 06003 – sæði nánast uppuríð, afgangnum verður dreift á næstu vikum.

Töfri 06043 – lækkar í mati, lítið verið notaður.

Besta naut 2006 árgangsins

Fagrað tók ákvörðun um val á besta nauti 2006 árgangsins. Að þessu sinni fellur sú nafnbót í skaut Kola 06003 frá Sólheimum í Hrunamannahreppi.

Koli er sonur Fonts 98027 og móðurfaðir hans er Kaðall 94017. Dómsorð Kola eru: „Afurðasemi dætra Kola er góð, einkum hvað varðar efnahlutföll. Þær eru stórar og sterkbyggðar, malir eru vel lagaðar, fremur flatar og fótstaða góð. Þetta eru jógurhraustar kýr með mjög vel borin jógur, afar sterkt jógurband og mjög góða jógurfestu. Spenar eru vel lagaðir og vel staðsettir en fremur stuttir og granir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og kýrnar skapgóðar. Koli 06003 hlýtur nafnbótina besta naut 2006 árgangs nauta frá nautastöð BÍ.“

Yfirlit um eldri nautsfeður

Ef lítið er til þess hvernig mat eldri nautsfeðra hefur staðist tímans tönn

er ljóst að árgangurinn frá 1994 sem eru margir hverjir móðurfeður þeirra nauta sem við erum að nota nú hafa staðið undir væntingum. Þannig standa Kaðall 94017 og Punktur 94032 nú með 113 í heildareinkunn. Völsungur 94006 er í 106, Pinkill 94013 í 103 og Frískur 94026 í 102. Títt nefndur Stígur 97010 stendur nú í 112 í heildareinkunn þar sem sterkustu eiginleikar hans eru afurðir, jógurhreysti, jógurgerð og ending. Hersir 97033 er nú með 109 í heildareinkunn. Hann sækir styrk sinn í afurðaðættina og jógurhreysti sem hann hefur alltaf verið þekktur fyrir. Hins vegar eru byggingareiginleikarnir ásamt mjóltum og skapi undir meðallagi en ending dætranna er góð. Synir hans hafa komið misvel út en meðal þeirra er að finna sterk naut og þeir skila áfram afurðagetunni og jógurhreystinu.

Árgangurinn frá 1998 sem hefur verið að skila sonum sínum úr dómi undanfarnir misseri heldur sínu mati með ágætum. Fontur 98027 er með 111 í heildareinkunn og sækir hann styrk sinn einkum í afurðir, jógurhreysti, jógur- og spenagerð auk endingar en til lækunar koma mjaltir og skap. Synir hans koma heilt yfir mjög sterkt út og virðist arfleifið Fonts ætla að verða góð jógur- og spenagerð auk endingar. Glanni 98026 stendur með 108 í heildareinkunn. Dætur hans hafa aldrei verið taldir til afreksgrípa í afurðum þó verðefni séu há. Styrkur Glanna liggur í frábæri spenagerð, úrvalsskapi og mjóltum auk mikillar endingar. Þessum þáttum virðist hann skila áfram gegnum syni sína. Umbi 98036 hefur dalað mikið frá því hann var til notkunar sem nautsfaðir og stendur í 102 í heildareinkunn. Fáir synir hans munu koma til framhaldsnotkunar. Þrasi 98052 hefur haldið velli og er með 110 í heildareinkunn. Þar er á ferðinni naut sem sýnt hefur mikla kynfestu hvað jógurgerð snertir og skila synir hans því vel áfram. Dætur Þrása hafa reynst endast vel.

Úr 1999 árgangnum kom aðeins einn nautsfaðir, Þollur 99008. Hann stendur nú í 108 í heildareinkunn þó Skjöldur 91022, faðir hans, sé honum allt annað en til framdráttar nú. Þollur virðist ætla að skila góðum sonum, en hans sterku hliðar eru afurðasemi, frjósemi, jógur- og spenagerð, mjaltir og ending. Skapið er honum hins vegar nokkur fjötur um fót en þar virðast á ferðinni skapmiklar kýr án þess þó að um óeigandi vandræðagripa sé að ræða.

Í 2000 árgangnum hefur Laski 00010 staðið við fyrri dóm með sóma,

stendur nú í 111 í heildareinkunn. Það er orðið ljóst að hann mun skila sterkum sonum til framhaldsnotkunar og einkum bæta jógur- og spenagerð auk skaps. Náttfari 00035 stendur með heildareinkunn í 109 og það eru einkum afurðir sem eru honum til framdráttar. Verðefni eru hins vegar lág. Kynfesta er nokkuð mikil því synir hans líkjast honum um margt. Frá Náttfara erfast miklar afurðir og góð spenagerð.

Árgangur 2001 hefur valdið nokkrum vonbrigðum. Nautsfeðurnir Snotri 01027, Spotti 01028 og Kappi 01031 hafa allir fallið í mati með árunum og eru nú á bilinu 100-104 í heildareinkunn, lægstur er Spotti. Snotri er undir meðallagi í afurðum en sterkur í byggingu, mjóltum og skapi. Spotti er kominn á meðallagi í afurðum, jógurhreysti er slök en jógur- og spenagerð og skap er gott. Kappi er um meðallagi í flestu en þó öflugur í mjóltum og skapi auk þess sem kýrnar virðast frjósamir. Það verður fróðlegt að sjá hvernig synir þeirra reynast en þeir fyrstu kom að öllum líkindum úr prófun haustið 2014.

Árgangurinn frá 2002 hefur bæði staðist væntingar og valdið nokkrum vonbrigðum. Það ánægjulega er að Glæðir 02001 stendur geysisterkur með 115 í heildareinkunn, öflugur í prótein%, jógurgerð, mjóltum, skapi og endingu. Ás 02048 hefur einnig staðist væntingar og er með 114 í heildareinkunn. Ás er afurðanaut og sterkur í byggingu og mjóltum en undir meðallagi í skapi. Skurður 02012 er með 110 í heildareinkunn og gefur skemmtilegar kýr að mörgu leyti. Þær eru afurðasamar, með góða jógur- og spenagerð en nokkuð ber á fullþungum mjóltum. Aðall 02039 og Ófeigur 02016 eru með 111 og 110 í heildareinkunn. Þessi naut standa undir fyrri dómum. Flói 02029 hefur heldur dalað, heildareinkunn er 109, þó að margar af skemmtilegri kúm bændu sé að finna í dætrahópi hans. Flói er afurðanaut og gefur úrvalsmjaltir en jógurgerðin er aðeins breytileg. Sírius 02032 stendur í 109 í heildareinkunn og fátt út á hann að setja nema að framspenar dætra hans eru fullgleitt settir. Lykill 02003 hefur lækkað í mati og stendur nú í 109 í heildareinkunn. Mat hans fyrir prótein% er mjög hátt en að sama skapi lágt fyrir fitu%. Góðar mjaltir og gott skap ásamt spenagerð eru sterkustu þættir hans en jógurgerð hefur sýnt sig vera fullveik ásamt því að jógurhreystin er ekki nægilega mikil. Fyrstu synir nautanna frá 2002 koma væntanlega til notkunar sem reynd naut vorið 2015.

Æðardúnsbændur

Óska eftir að kaupa fullhreinsaðan æðardún Get tekið að mér hreinsun Nú eru góð verð í boði



Hafið samband: E.G. Heild ehf. c/o Elías Gíslason Stórhöfða 17, 110 Reykjavík. Símar: 8616264, 5877685 netfang: eg.heild@simnet.is

E.G.
Heild ehf

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 8,6m



STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf

Vikurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Massey Ferguson 3645



MASSEY FERGUSON®

Massey Ferguson 3645 er frábær kostur fyrir þá sem þurfa extra lága og lipra vél í sína þjónustu. Vélin er mjög öflug miðað við stærð og þarf mjög lítið athafnasvæði. Vélin er búin öllum þeim helstu eiginleikum sem góð dráttavél þarf til almennra nota.

Staðalbúnaður í MF3645:

- ▶ 3 Syl Sisu Diesel 92 hestafla 3,3L DTA,
- ▶ Vökvavendigir
- ▶ 24-12 girkassi
- ▶ Vökvamilligir
- ▶ Rafmagnskúpling í gírstöng
- ▶ Loftpúða sæti
- ▶ Farpegasæti með öryggisbelti
- ▶ Aflúrtak með vökvainnsetningu
- ▶ Cat 2 opnir beislisendar
- ▶ 62L vökvadæla
- ▶ 2 vökvasneiðar (4 vökvastútar)
- ▶ Vagnbremsu ventill
- ▶ Vinnuljós framan og aftan

Eigum úrval af nýjum og notuðum vélum á hagstæðu verði til afgreiðslu strax.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0402.



Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lönsbakki - 601 Akureyri / www.jotunn.is

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610 / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is